

Svar

**mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá
Lilju Rannveigu Sigurgeirs dóttur um alþjóðlega
skóla og fjölda barna í þeim.**

1. *Hvaða alþjóðlegu skólar eða skóladeildir starfa á grunn- og framhaldsskólastigi?*

Á grunnskólastigi eru starfandi Alþjóðaskólinn á Íslandi sem hlaut viðurkenningu árið 2013 og alþjóðadeild Landakotsskóla sem tók til starfa 2015.

Á framhaldsskólastigi er IB-nám (e. *International Baccalaureate*) kennt við Menntaskólanum við Hamrahlíð en skólinn hefur frá árinu 1998 verið hluti af alþjóðasamtökum skóla, International Baccalaureate Organisation.

2. *Hve mörg börn hafa stundað nám í alþjóðlegum skólum eða skóladeildum síðastliðin tíu ár? Óskað er sundurliðunar eftir hverju ári fyrir sig.*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda barna í Alþjóðaskólanum á Íslandi:

| Ár | Fjöldi barna |
|------|--------------|
| 2013 | 60 |
| 2014 | 55 |
| 2015 | 72 |
| 2016 | 73 |
| 2017 | 89 |
| 2018 | 92 |
| 2019 | 97 |
| 2020 | 96 |
| 2021 | 88 |
| 2022 | 98 |

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda barna í alþjóðadeild Landakotsskóla:

| Skólaár | Fjöldi barna |
|-----------|--------------|
| 2015–2016 | 35 |
| 2016–2017 | 45 |
| 2017–2018 | 69 |
| 2018–2019 | 69 |
| 2019–2020 | 80 |
| 2020–2021 | 101 |
| 2021–2022 | 104 |
| 2022–2023 | 96 |
| 2023–2024 | 88 |

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda nemenda í IB-námi Menntaskólans við Hamrahlíð:

| Önn | Fjöldi nemenda |
|------------|----------------|
| haust 2013 | 77 |
| vor 2014 | 72 |
| haust 2014 | 73 |
| vor 2015 | 67 |
| haust 2015 | 76 |
| vor 2016 | 72 |
| haust 2016 | 72 |
| vor 2017 | 66 |
| haust 2017 | 78 |
| vor 2018 | 78 |
| haust 2018 | 82 |
| vor 2019 | 76 |
| haust 2019 | 84 |
| vor 2020 | 76 |
| haust 2020 | 76 |
| vor 2021 | 75 |
| haust 2021 | 70 |
| vor 2022 | 73 |
| haust 2022 | 79 |
| vor 2023 | 78 |

Svarið er byggt á upplýsingum sem skólnir veittu mennta- og barnamálaráðuneyti.

3. *Hve mörg börn hafa verið á biðlista eftir námi í alþjóðlegum skólum eða skóladeildum síðastliðin tíu ár? Óskað er sundurliðunar eftir hverju ári fyrir sig.*

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaskólanum á Íslandi hefur ekki verið haldið formlega utan um biðlista í skólanum. Að meðaltali hafi þó verið tveir til þrír nemendur á ári sem hafa ekki fengið inngöngu í skólann.

Samkvæmt upplýsingum frá alþjóðadeild Landakotsskóla sýnir eftirfarandi tafla fjölda barna sem voru þar á biðlista eftir námi:

| Skólaár | Fjöldi barna |
|-----------|--------------|
| 2015–2016 | 0 |
| 2016–2017 | 0 |
| 2017–2018 | 0 |
| 2018–2019 | 0 |
| 2019–2020 | 2 |
| 2020–2021 | 0 |
| 2021–2022 | 5 |
| 2022–2023 | 16 |
| 2023–2024 | 38 (áætlað) |

Samkvæmt upplýsingum frá Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur ekki verið þörf á biðlistum í IB-nám skólans en nemendum hefur verið hafnað vegna lítillar enskukunnáttu.